

**AUGLÝSING****um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987 og að fengnum tillögum bæjarráðs Kópavogs, er hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi.

## 1. gr.

Biðskylda verði á allar aðliggjandi götur að Hábraut milli Hamraborgar og Kársnesbrautar.

## 2. gr.

Stöðubann verði beggja vegna á aðalgötum Hlíðarhjalla og Álfaheiði.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Lögreglustjórinn í Kópavogi, 20. desember 1989.*

**Ásgeir Pétursson.**

**ARÐSKRÁ****fyrir Veiðifélag Apavatns.**

<b>Jarðir:</b>	<b>Hlutdeild í arði í % einingar</b>
Neðra-Apavatn . . . . .	54,9
Efra-Apavatn 1 . . . . .	33,275
Efra-Apavatn 2 . . . . .	33,275
Vatnsholt . . . . .	32,5
Austurey 1 . . . . .	29,1
Austurey 2 . . . . .	29,1
Hagi 1 . . . . .	19,5
Hagi 2 . . . . .	19,5
Útey 1 . . . . .	12,5
Útey 2 . . . . .	12,5
Lækjarhvammur og Gröf . . . . .	11,1
Mosfell . . . . .	4,75
Þóroddsstaðir . . . . .	4,5
Svínavatn . . . . .	3,0
Þórisstaðir . . . . .	0,5
	<hr/>
	300,0